

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða í Sveitarfélaginu Skagaströnd. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds.

2. gr.

Hundar skulu vera í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim, sbr. samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

3. gr.

Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins.

4. gr.

Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum í Spákonufellshöfða á varptíma frá 20. apríl – 20. júlí nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegnar banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 80/2022 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlits- hlutverki með náttúru- og menningarminjum.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. júní 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.